



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/802
komudagur 20.1.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/009 /9.6 /HH/sig
17. janúar 2003.

***Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga
um verndun hafs og stranda, 240. mál, heildarlög.***

Um 3. gr.

Þar sem sett er fram skilgreining á orðinu „skip” þá er rétt að skilgreina einnig orðið loftfar eins og það er gert í lögum um loftferðir nr. 60/1998, 2. gr. 1. mgr. sem:

Sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

3. gr.- 6 tl. Gerð er tillaga um að hugtakið innsævi verði skilgreint á sama hátt og gert er í Hafréttarsamningi sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að. Þar segir að innsævi sé:

Hafsvæði, sem er landmegin við grunnlínu landhelginna.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um að bæta við einum staflið sem heimilar reglugerðarsetningu um **umskipun** innan íslenskrar mengunarlögsögu. Er þá ekki eingöngu átt við umskipun olíu heldur umskipun af hvaða tagi sem er.

Einnig er gerð tillaga um að bæta við einum staflið sem heimilar reglugerðarsetningu um skyldu skipa sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögu Íslands, að þau verði búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Samkvæmt alþjóðasamþykktum eiga öll farþegaskip, flutningaskip og fiskiskip 24. m. og lengri að vera búin fjarskiptabúnaði (INMARSAT STD-C) sem geta sent upplýsingar með sjálfvirkum hætti.

Um 8. gr.

Gerð er tillaga um að í lok 4. mgr. segi:

Þó er heimilt að losa kvarnaðar matarleifar frá skipum utan hafnarsvæða og utan netlaga.

Þetta er ekki mengandi úrgangur og því rétt að heimila slíka losun. Sem dæmi má nefna að allur matarúrgangur um borð í varðskipum er kvarnaður og fer í hafið. Stór hafsvæði eru innan þriggja sjómílna frá grunnlínunum landhelginnar m.a. á Faxaflóa, Breiðafirði, Húnaflóa og við Norðausturland og því getur þetta atriði skipt máli.

Um 9. gr.

2. mgr. 9. gr.

Gerð er tillaga um að haft skuli samráð við Landhelgisgæsluna áður en leyfi er veitt til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðsla.

2. mgr. hljóði svo:

Lagning sæstrengja og neðansjárleiðsla er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Áður en leyfi er veitt skal stofnunin hafa samráð við sjávarútvegsráðuneytið, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæslu Íslands.

Landhelgisgæslan hefur hagsmuna að gæta varðandi þetta atriði því að stofnunin fer með almenna löggæslu á hafinu auk þess sjá Sjómælingar Íslands, sem eru deild innan Landhelgisgæslunnar, um sjómælingar, sjókortagerð og að gefa út Tilkynningar til sjófarenda, sem eru forsenda öruggra siglinga.

Um 12. gr.

Lagt er til að að tilkynningar berist beint til stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands sem framsendi tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar. Rökin eru þau að stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er opin allan sólarhringinn allan ársins hring. Þar er tekið á móti fjölda tilkynninga frá skipum, m.a. á grundvelli Schengen og margvíslegra laga- og reglugerðarákvæða. Í flestum tilfellum þarf Landhelgisgæslan síðan að framsenda tilkynningarnar til ráðuneyta og annarra stofnana sem hlut eiga að máli. Sem dæmi má nefna að stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tekur á móti tilkynningum erlendis frá og miðlar upplýsingum til Geislavarna ríkisins og Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnun) utan dagvinnutíma og miðlar ýmsum upplýsingum frá skipum til Fiskistofu og Sjávarútvegsráðuneytisins. Landhelgisgæslan hefur einnig hagsmuni af því að fá þessar tilkynningar milliliðalaust sem eftirlitsaðili með hafsvæðinu umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó.


Einnig er lagt til að ný málsgrein bætist við 12. gr. um tilkynningarskyldu skipa sem flytja hættulegan varning og / eða olíu innan íslenskrar mengunarlögsögu. Rökin eru þau að ef Landhelgisgæslan veit af skipi með hættulegan farm á ákveðnu hafsvæði þá er möguleiki á að skipuleggja ferðir varðskipa og loftfara með tilliti til þess. Þannig er hægt að bregðast fyrir við ef hætta skapast og auðveldara að sinna eftirliti.

Gerð er tillaga um að 12. gr. hljóði svo:

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lög þessi ná til, í hafið innan mengunarlögsögu Íslands sem og á strendur nema um sé að ræða varp og losun sem sérstaklega er heimil samkvæmt lögnum. Landhelgisgæslan framsendi tilkynningar svo fljótt sem auðið er til Umhverfisstofnunar.

Skip sem flytja olíu og/eða hættulegan varning innan mengunarlögsögu Íslands skulu senda stjórnstöð Landhelgisgæslunnar eftirtaldar tilkynningar um farm, komu, brottför og ferðir innan mengunarlögsögu Íslands:

- a. magn og tegund farms*
- b. með sex klukkustunda fyrirvara um komu í og siglingu út úr mengunarlögsögunni og gefa upp staðsetningu.*
- c. meðan á siglingu þeirra í mengunarlögsögunni stendur skulu þau á sex klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða.*
- d. með 3 klukkustunda fyrirvara um komu í og brottför úr höfn.*



Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri